

Samráð í heilbrigðisþjónustu

Heimspekilegur inngangur að málþingi Siðaráðs landlæknis

Vilhjálmur Árnason

Joint decision-making in health care

Árnason V

Læknablaðið 1997; 83: 309–15

Pegar litið er á þær tillögur sem eru til umræðu á þessu málþingi (1) stingur í augu hve hugmyndir um sjálfraði og sjálfsvörðunarrétt sjúklinga fá þar mikið rými. Raunar má segja að þessar hugmyndir gangi eins og rauður þráður gegnum plöggin þrjú og myndi annan meginþáttinn í þeim siðfræðilega kjarna sem í þeim felst. Hinn meginþátturinn er umhyggja fyrir velferð þess fólkis sem þiggur heilbrigðisþjónustu eða tekur þátt í læknisfræðilegum rannsóknum. Þessir tveir þættir, virðing fyrir sjálfraði skjólstæðings og umhyggja fyrir velferð hans, eru samofnir í því sem ég hef nefnt *virðingu fyrir sjúklingnum sem manneskju* og tel að eigi að liggja heilbrigðisþjónustu og rannsóknum á fólk til grundvallar. Að mínu mati getur þessi siðfræðilega krafra best tryggt það að jafnan sé unnið með hagsmuni sjúklinga að leiðarljósi (2).

Það er að sjálfsgöðu ekkert nýtt að talað sé um að fagfólk í heilbrigðisþjónustu beri að tryggja bestu hagsmuni sjúklings. Í læknaeiði Hippókratesar standa til dæmis eftirfarandi

Frá Heimspekiostofnun, Aðalbyggingu Háskóla Íslands við Suðurgötu. Höfundur er dósent í heimspeki. Greinin er byggð á erindi sem var haldið á málþingi Siðaráðs landlæknis í Norræna húsinu 22.2. 1996.

Lykilord: *læknisfræðileg siðfræði, samráð, samskipti fagfólk og sjúklinga, upplýsta samþykki, hagsmunir sjúklinga.*

Keywords: *joint decision-making, patient-professional interaction, informed consent, patients' interests.*

setningar sem orða þessa hugsun á hnitmiðaðan hátt: „*Pær einar fyrirskipanir mun ég gjöra er séu sjúklingum mínum til gagns og nytsemdar, eftir því sem þekking mín og dómgreind fær frekast ráðið. Forðast mun ég að aðhafast nokkuð illt eða óréttlátt gagnvart þeim*“ (3).

Það er vel þess virði að staldra örlítið við þessar setningar. Fyrsta setningin kemur orðum að því siðalögðmáli sem á íslensku er yfirleitt kennt við velgjörð, það er að læknirinn geri það eitt sem er sjúklingnum til góðs, honum „til gagns og nytsemdar“ (3). Siðari mólgreinin setur hins vegar fram þá reglu sem lengst af var lögð til grundvallar í siðfræði heilbrigðisgreina og heitir á latínu *primum non nocere*, eða umfram allt skaðið ekki, eins og útleggja mætti það á íslensku.

Í siðfræðilegri greiningu er þessi skaðleysisregla oft flokkuð sem hluti af velgjörðarreglunni. Þannig heldur siðfræðingurinn William Frankena því fram að greina megi velgjörðarregluna í fernt (4):

1. Að valda tjóni eða skaða
2. Að koma í veg fyrir tjón eða skaða
3. Að bæta tjón eða skaða
4. Að gera og efla hið góða

Pegar Hippókrates mælist til að menn geri það eitt sem er sjúklingum til gagns eða nytsemdar gæti hann átt við alla liði þessarar greiningar, en hann hnykkir síðan sérstaklega á þeim fyrsta og mikilvægasta: „*Forðast mun ég að aðhafast nokkuð illt eða óréttlátt gagnvart þeim*“ (3). Hér eru hagsmunir sjúklings sannarlega hafðir að leiðarljósi. En það sem er athyglisverðast í þessum kafla úr Hippókratesareiðnum er setningin sem tengir saman siðareglurnar tvær og hljómar svo „..... eftir því sem þekking mín og dómgreind fær frekast ráðið“ (3). Við fyrstu sýn virðist þessi setning yfir-

máta sjálfsögð og eðlileg; hvað ætti læknir að hafa að leiðarljósi við mat sitt á hagsmunum sjúklingsins annað en dómgreind sína og þekkingu?

Svar Hippókratesar við þessari spurningu blasir við: ekkert, nema þá kannski ráð starfs-bræðra síma. Í samræmi við þetta ráðlagði Hippókrates lærisveini sínum að gegna skyldum sínum „rólega og af vandvirkni og meðan bú sinnir sjúklingnum skaltu leyna honum sem flestu. Gefðu nauðsynleg fyrirmæli glaðlega og heiðarlega, og beindu athygli hans frá því sem bú ert að gera við hann; stundum þarf að ávita af einurð og hluttekningu, og stundum að hug-hreysta af umhyggju og athygli, en gefa þó ekkert til kynna um ástand sjúklingsins eða batahorfur“ (5). Þessi kafli er einstaklega lýsandi dæmi um það sem bandaríski geðlæknirinn Jay Katz hefur kallað „hinn þöglum heim læknis og sjúklings“ (6). Þau ráð sem Hippókrates gefur hér um samskipti læknis og sjúklings virðast hafa dugað læknum langt fram á þessa öld og því er saga læknislistarinnar að verulegu leytti „saga þagnarinnar“, eins og Katz kemst að orði. Jafnframt, og af sömu meginástæðu, hefur samband læknis og sjúklings lengstum ein-kennst af föðurlegri forræðishyggju læknisins sem forðast hefur að ræða við sjúklinginn um ástand hans og batahorfur og hefur einungis gert það sem hann hefur talið skjólstæðingi sínum til gagns og nytsemdar, eftir því sem dómgreind hans og þekking hafa frekast fengið ráðið.

Eiginlega er það ekkert skrítid að forrædis-hyggjan skuli hafa haldið velli svo lengi sem raun ber vitni. Hún virðist meira að segja liggja nánast í hlutarins eðli. Þetta segi ég í ljósi þess að fólk leitar til heilbrigðisstéttá vegna þess að það á í vanda sem það ræður ekki fram úr sjálf. Fagfólkid býr yfir sérþekkingu og kunn-áttu sem gerir því kleift að greina þennan vanda og greiða úr honum ef vel tekst til. Það er sjálfsögð skylda fagmanneskunnar að beita þekkingu sinni og kunnáttu með bestu hags-muni sjúklings að leiðarljósi. Lengst af var það talið vera hluti þessarar skyldu að hlífa sjúk-lingnum við því óöryggi og þeim áhyggjum sem kunna að fylgja því að fá upplýsingar um sjúkdómsástand sitt og þurfa að taka þátt í ákvörðunum um eigin meðferð. Velviljuðstu forræðishyggi-jumenn telja það rangt að íþyngja sjúk-lingnum með þessum hætti. Hann eigi að fá að leggjast áhyggjulaus undir læknishendur, ör-

uggur í þeirri trú að bestu hagsmuna hans verði gætt. Hin annars sígilda hugmynd Mills í Frels-inu að hver maður sé „sjálfur best til þess fallinn að vaka yfir velferð sinni til líkama eða sálar“ (7) virðist í þessu tiltekna samhengi einfaldlega röng.

Petta sjónarmið kann að þykja raunsætt og jafnvel að hljóma sannfærandi en það er sann-arlega ekki án vandkvæða. Alvarlegasti veik-leikinn sem forræðishygjan þjáist af er að hún leggur að jöfnu faglega þekkingu og mat á því hverjur bestu hagsmunir sjúklingsins séu. Þess vegna nægi þekking fagmannsins honum til að ákveða í hverju tilviki hvað sé rétt að gera. Meginbreytingin sem átt hefur sér stað í hugs-un um þessi mál á síðasta aldarfjórðungi eða svo er sí að hagsmunir sjúklings verði ekki metnir nema með hliðsjón af sjálfsskilningi og verðmætamati hans sjálfs. Petta er ekki vegna þess að sjúklingurinn hafi enga hlutlæga hags-muni og þeir séu algjörlega komnir undir hans eigin mati. Ég á við það að sjálfsákvörðunar-réttur ákvörðunarhæfs sjúklings tilheyrir grundvallarhagsmunum hans og þess vegna er hægt að skaða hann með því einu að virða ekki sjálfraði hans eða sjálfsákvörðunarrétt. Í ljósi þessa er það síðfræðileg krafa í heilbrigðispjón-ustu að virkja sjúklinga til þáttöku í ákvörð-unum um eigin meðferð. Aðalatriðið er að hversu góð rök sem fagfólk kann að hafa fyrir því hvað sé sjúklingi fyrir bestu, þá duga þau ekki til að ákveða hvað beri að gera. Í því skyni þarf líka að þekkja vilja sjúklingsins.

Önnur villa sem forræðishygjan byggir á er að upplýsingar til sjúklinga og hlutdeild þeirra í ákvörðunum valdi þeim óöryggi og áhyggjum. Rannsóknir benda til að slæm áhrif upplýsinga á sjúklinga séu stórlega ofmetin (8). Í langflestum tilvikum auðveldar vitneskjan sjúklingi að skilja sjúkdóminn og að bera skynbragð á líðan sína. Jafnframt því er honum gert kleift að verða ábyrgur þátttakandi í hjúkrun sinni eða læknismeðferð og hann verður samvinnuþýð-ari fyrir vikið. Það styrkir því yfirleitt meðferð-arsambandið að skýra sjúklingi heiðarlega frá sjúkdómsástandi, meðferðarárræðum og bata-horfum. En mikilvægustu síðfræðilegu rökin fyrir því að upplýsa sjúkling um ástand sitt er að það verndar stöðu hans sem mannesku. Sá sem velkist í vafa eða vanþekkingu verður enn háðari heilbrigðisstarfsfólk en ella og jafn-framt eykst hættan á því að hann verði misrétti beittur.

Sigurður Björnsson, læknir, hefur lýst vel þýðingu þess fyrir alla aðila að sjúklingur sé vel upplýstur: „*Eigi að fá sjúklinginn til að taka þátt í að velja skynsamlegasta valkostinn þá verður hann að vita hvernig mál standa. Því miður fara ekki allir læknar eftir þessu, og það er afskaplega erfitt að koma í kjölfar annars læknis sem hefur sagt sjúklingi mjög ónákvæmt eða jafnvel alls ekki sannleikam. Slíkt veldur sjúklingnum líka erfiðleikum, hann veit ekki hverju skal trúua.*“ (9).

Pað er athyglisvert hvernig Sigurður hagar orðum sínum í þessari ágætu klausu sem er eftir honum höfð. „*Eigi að fá sjúklinginn til að taka þátt í að velja skynsamlegasta valkostinn*“, segir hann, og þetta orðalag hans er til marks um að grunnt getur verið á forræðishyggiunni, jafnvel þótt áhersla sé lögð á að upplýsa sjúklinga að fullu (10). Þau rök sem færð eru fyrir mikilvægi þess að upplýsa sjúklinga vísa reyndar ótrúlega oft til þeirrar hagkvæmni sem af því má hafa: sjúklingurinn verður meðfærilegri, samvinnuþýðari, skjótari til að ná bata, hann útskrifast fyrr og þar fram eftir götunum. Þetta eru allt saman þýðingarmikil atriði, en þau vísa ekki í þá sérstöku síðferðilegu hagsmuni fólks sem ég kenndi við sjálfræði. Sé horft framhjá þeirri kröfu og sjúklingur upplýstur einungis af hagkvæmnistáðum og til þess að fá hann til að velja skynsamlegasta kostinn, það er þann kost sem fagmaðurinn hefur þegar valið fyrir hann, þá höfum við forræðishyggu í nýjum og „diplómatískari“ búningi. Samtalið við sjúklinginn verður þá bara leið fagmannsins til þess að fá hann „með góðu“ á sitt band.

Af þessum ástæðum hafa sumir baráttumenn fyrir sjálfsákvörðunarrétti sjúklinga lagt áherslu á svokallað hlutleysi fagmannsins. Hann eigi einungis að leitast við að upplýsa sjúkling sem best um alla meðferðarkosti, en hann eigi að gæta þess eftir megni að hafa ekki áhrif á ákvörðun sjúklingsins með gildismatísínu og viðhorfum. Brýnir hagsmunir sjúklingsins sjálfs, líf hans og heilsa, eru í veði og hann á sjálfur að ákveða hvaða meðferð eða rannsókn hann er reiðubúinn að gangast undir. Þetta er tvíbent staðhæfing. Sé hún skilin sterkum skilningi, þá felur hún það í sér að einstaklingnum eigi að vera það algjörlega í sjálfsvald sett hvaða læknismeðferð hann fær. Þetta er að mínu mati fráleitur skilningur á sjálfsákvörðunarrétti sjúklinga og færí ég eink-

um tvær ástæður fyrir því. Sú fyrri varðar ábyrgð fagmannsins. Með því á ég við að fagmaður í heilbrigðisþjónustu getur ekki bara afgreitt heilbrigðisþjónustu á „hlutlausan“ hátt samkvæmt kröfum „kúnnans“. Pað er skylda hans að upplýsa sjúkling um það hvaða meðferð hann telur að sé ákjósanlegust og hvers vegna. Þetta er að sjálfsögðu ekki nægileg forsenda til að ákveða hvað sjúklingur eigi að gera, eins og forræðishygjan virðist telja, en hún er nauðsynleg forsenda þess að fagmanneskjan ræki starf sitt af ábyrgð. Hann getur ekki með góðri samvisku veitt meðferð sem hann telur stríða gegn hagsmunum sjúklingsins (11).

Síðari ástæðan gegn því að skilja sjálfræðiskröfuna þessum sterka skilningi vísar í stöðu sjúklingsins. Pað er mikilvægt að gleyma því ekki að sjúklingurinn er í tvønum skilningi veikari aðilinn í þessum samskiptum. Hann er veikari í þeim skilningi að hann hefur ekki þá bekkingu sem fagmaðurinn býr yfir og er því fyllilega háður þeim upplýsingum sem hann ákveður að láta frá sér. En sjúklingurinn er líka oft veikari aðilinn í þeim skilningi að hann er hræddur og óöruggur, ekki fyrst og fremst vegna þeirra upplýsinga sem hann fær, heldur vegna þeirrar tilvistarkreppu sem hann er kominn í. Báðir þessi þættir, vanþekking sjúklingsins og kvíði hans, gera það að verkum að hann verður öðru fremur að geta *treyst* heilbrigðisstarfsfólk. Hinn sterki skilningur á sjálfræðiskröfunni stuðlar ekki að slíku trausti. Þvert á móti elur hún á fjarlægð og umhyggjuleysi sem er ankannaleg í samhengi heilbrigðisþjónustu.

Hin sameiginlega ályktun sem ég vil draga af þessum ástæðum er að kröfuna um sjálfræði sjúklinga beri að skilja veikum skilningi. Með því á ég við að sjálfsákvörðunarréttur sjúklings felist yfirleitt ekki í því að hann geti einfaldlega „pantað“ þá meðferð sem honum líst best á, heldur í því að hann ráði því hvort hann þiggur þá meðferð sem honum er ráðlögð eða hvort hann hafnar henni. Frá sjónarholi sjúklingsins er þetta nokkurn veginn inntakið í hinni mikilvægu síðareglu lækna sem kveður á um upplýsingaskylduna: „*Læknir skal, eftir því sem tök eru á, útskýra fyrir sjúklingi eðli og tilgang rannsókna og aðgerða, sem hann gerir eða ráðleggur sjúklingnum. Þess skal ávallt gætt og ef með þarf skal sjúklingi gert það ljóst, að læknir ráðleggur en skipar ekki.*“

Ég hef nefnt pennan „neikvæða“ sjálfs-ákvörðunarrétt sjúklinga griðarétt, því að hann verndar mannhelgi sjúklingsins fyrir óréttmætu inngripi heilbrigðisstéttu, þar á meðal líkamsinnrás (e. bodily invasion) sem hann hefur ekki sjálfur heimilað. Svo dæmi sé tekið þá felur þessi réttur það í sér að sjúklingur getur hafnað lífslengjandi meðferð en valið líknandi meðferð og dáid þannig fyrir en ella, en hann felur það ekki í sér að sjúklingurinn geti farið fram á þá þjónustu að heilbrigðisstarfsmaður stytти honum aldur.

Með því að undirstrika rétt sjúklings til að hafna meðferð (sem að sjálfsögðu felur í sér rétt hans til að samþykkja meðferð) er hin afdráttarlausa virðing fyrir sjálfræði dregin fram og viðurkennt að einstaklingurinn eigi sjálfur að taka mikilvægustu ákvarðanir í lífi sínu (12). Þar með er ekki dregið úr þeiri skyldu fagmannsins að hvetja sjúkling til að velja þann kost sem sá fyrrnefndi telur skynsamlegastan, heldur er viðurkennt að fagmaðurinn geti þurft að lúta því að sjúklingur fari ekki að hans ráðum (13). Mér virðist það vera eðlilegt í sambandi sjúklinga og fagfólks að þar sé jafnan ákveðin spenna á milli sjálfraðis sjúklings og forræðis fagmanns og þá spennu er engan veginn hægt að leysa fræðilega heldur verður að taka á henni í aðstæðunum hverju sinni. Vænlegasta leiðin sem við höfum í því skyni er að leitast við að tryggja það sem í tillögum Siðaráðs landlæknis er nefnt *upplýst og óþvingað samþykki* sjúklings fyrir aðgerðum og rannsóknum.

Til þess að hægt sé að tala um upplýst samþykki verður að uppfylla tvö skilyrði (14):

1. Að sjúklingi eða þátttakanda í rannsókn séu veittar nægilegar upplýsingar til að hann geti gert upp hug sinn.
2. Að gengið sé úr skugga um að sjúklingur eða þátttakandi hafi skilið upplýsingarnar og geti tekið upplýsta ákvörðun.

Það er ekki einfalt mál að meta hvaða upplýsingar og hve miklar þarf að veita sjúklingi um rannsókn eða læknismeðferð til þess að hann geti gefið upplýst samþykki. Þær raddir hafa heyrst að það sé í öllu falli tómt mál að tala um upplýst samþykki sjúklinga vegna þess að þeir hafi í raun engar forsendur til að gefa samþykki byggjt á fullri vitnesku um læknisfræðilegar rannsóknir og áhættusamar læknis-aðgerðir. Til þess þyrftu þeir að hafa þekkingu og reynslu á borð við lækna og hjúkrunarfræð-

inga, en það sé fráleitt. Hugmyndin um fulla vitnesku er einungis til óþurftar í þessu samhengi. Sjúklingurinn þarf einungis að fá vitnesku sem nægir honum til að veita „upplýst samþykki“. Það felur í sér að hann fái greinar-góða vitnesku um sjúkdómsgreiningu, möguleg meðferðarúrræði og þær áhaettur, óþægindi og aukaverkanir, sem þeim eru fylgjandi, og batahorfur. Læknir getur þó þurft að gæta þess að takmarka upplýsingar sínar, til dæmis með því að tilunda ekki áhættuþætti sem eru afar ólöklegir en gætu samt valdið sjúklingnum verulegum áhyggjum.

Hér er raunar ekki um að ræða vanda sem er neitt sérstakur fyrir aðstæður sjúklings. Fólk þarf iðulega að taka ákvarðanir í málum sem það hefur enga sérþekkingu á, heldur leitar sér ráða og upplýsinga til að geta valið skársta kostinn í stöðunni. Fagleg þekking, sem miðlæð er af ábyrgð og heilindum, er forsenda þess að fólk geti tekið upplýsta ákvörðun í slíkri stöðu. Einn erfiðasti þátturinn við upplýst samþykki sjúklingsins er hins vegar sú staðreynd að fagmaðurinn hefur jafnan í hendi sér hvað sjúklingurinn fær að vita og hvað ekki. Þetta þarf alls ekki að stafa af því að fagmanneskjan sé vísvitandi að stjórna ákvörðun sjúklingsins, heldur liggur ástæðan í því að hún er sjálf bæði skeikul manneskja með takmarkað sjónarhorn og ábyrgur fagmaður sem hefur skyldu til að ráða sjúklingi sínum heilt.

Frá sjónarhlíð fagmannsins hlýtur markmiðið með upplýsingum, útskýringum og ráðleggingu til sjúklings að vera að gefa honum *kost* á því að vera upplýstur og verða ábyrgur þátttakandi í eigin meðferð. Það orkar ekki tvímaelis að sjúklingurinn á þann rétt. Hitt er annað mál hvort fagfólk beri nokkurn tíma skylda til að *kreffast* þess af sjúklingi að hann taki upplýsta ákvörðun. Til að svara þessari spurningu, þarf að hyggja að því hvaða þættir það eru í fari sjúklingsins sem hindra að hann beri skynbragð á ástand sitt eða skilji þau úrræði sem honum standa til boða. Hafi sjúklingur verið illa upplýstur og það sé meginástæðan fyrir því að hann getur ekki tekið ákvörðun byggða á vitnesku er vitanlega brýnt að bæta úr því. En sjúklingur getur líka haft réttmætar ástæður fyrir því að taka ekki upplýsta ákvörðun um læknismeðferð. Hér á ég meðal annars við tilvik þar sem sjúklingur einfaldlega kýs að leggja ráð sitt í hendur læknis og hafnar því að taka upplýsta ákvörðun sjálfur. Þetta er stund-

um nefnt faglegt forræði byggt á trúnaðartrausti. Ef það er ótvíraður vilji sjúklingsins að hafna upplýsingum og sé hann ekki haldinn skaðlegum ranghugmyndum um eðli sjúkdómsins eða aðgerðarinnar, er engin ástæða til þess að halda að honum vitneskju sem hann vill ekki fá og er ekki nauðsynleg forsenda þess að hann geti tekið ábyrgð á sjúkdómi sínum og bata. Það er að mörgu leyti skiljanlegt að sjúklingsar vilji leggja allt sitt ráð í læknishendur, en það er ámælisvert af sjúkingi að firra sig allri ábyrgð af þeirri ákvörðun sem taka þarf um vanda hans. Það er skylda sjúklings að vera ábyrgur samverkamaður í meðferð og til þess þarf hann að vera upplýstur.

Vart þarf að taka fram að sé sjúkingur of veikur til þess að meðtaka upplýsingar, til dæmis í bráðatilvikum, eða vanhæfur af einhverjum öðrum ástæðum til þess að skilja þær, á krafan um upplýst samþykki sjúklings ekki við. Í þeim tilvikum getur þó þurft að gera slíka kröfу til aðstandenda og vekur það upp sérstakar spurningar sem ekki er tök á að ræða hér (15). En það er önnur og erfiðari spurning hvort fagmaður megi ákveða sjálfur að upplýsa ekki vegna þess að það geti strítt gegn hagsmunum sjúklingsins. Hér verður að fara afar varlega því þetta eru hin hefðbundnu rök fyrir hinni þöglu forræðishyggi. Ég held þó að það geti verið réttlætanlegt að upplýsa sjúking ekki um ástand sitt þegar sýnt þykir að það yrði til þess eins að honum versnaði verulega og lífi hans væri stefnt í hættu. Petta eru þó afar sérstök tilvik (e. therapeutic privilege) þar sem sannleikurinn víkur fyrir því að sjúklingurinn eigi sér framtíð og þetta væri því metið alfarið út frá hagsmunum sjúklingsins sjálfs.

Af því sem ég hef sagt um upplýst og óþvingað samþykki má ráða að það getur verið erfitt matsatriði að ákveða hve langt skuli ganga í að upplýsa sjúklinga. Lausnir í þessu málí felst ekki í því að finna fasta viðmiðun um það hve miklar upplýsingar sjúklingar þurfi að halda, heldur í því að skapa *samræðuaðstæður* milli sjúklinga og heilbrigðisstarfsfólks þar sem tal-að er saman á ábyrgan og upplýsandi hátt um vandann sem við er að etja. Petta vinnulag felst í því samskiptaformi sem ég hef kallað samráð sjúklings og fagmanns og leiðir af þeirri síðareglu að virða sjúklinginn sem manneskju. Samræða þar sem fagfólk gefur sér tíma til að hlusta á sjúklinginn er áreiðanlega besta leiðin til þess að finna út hvað viðkomandi sjúklingur

vill og er tilbúinn til að vita og hvað ekki. Einræða læknis við sjúkling skilar sér oftar en ekki í misskilningi þótt „allar upplýsingar“ hafi komið fram. Aðalatriðið er að læknir og sjúklingur eru tvær manneskjur sem þurfa að mynda samband sín á milli og takast á við vandann saman með mannlegri hlýju, gagnkvæmu trausti og heilindum. Ef slíkt samband myndast ekki er hætt við að samþykki sjúklings verði lítið annað en einbert „já“ sem hann stynur upp í nauðum sínum.

Pær tillögur sem hér eru til umræðu munu því alls ekki ná tilgangi sínum nema þeim sé fylgt eftir með ábyrgu samráði fagfólks og sjúklings. Og þetta er ekki sagt að ástæðulaus. Það er alltof algengt að krafan um upplýst samþykki sé slitin úr samhengi við það hvernig henni verður framfylgt í raunverulegum samskiptum í heilbrigðisþjónustu. Það er ekki nóg að láta sjúklinga lesa yfir upplýsingablað um skurðaðgerðir og rannsóknir sem þeir síðan skrifi undir, jafnvel einkum í því skyni að fría heilbrigðiskerfið ábyrgð þegar eitthvað fer úrskeiðis. Það er vissulega mikilvægt að sjúklingar kynni sér vel þær skriflegu upplýsingar sem þeim eru veittar. En ef lesturinn er láttinn nægja hefur þagnarmúrinn í samskiptum sjúklinga og heilbrigðisfagfólks alls ekki verið rofinn. Slíkri kynningu verður fylgja eftir með útarlegu samtali þar sem gengið er úr skugga um að sjúklingur hafi *skilið* upplýsingarnar, hann sé *hæfur* til að taka umraðda ákvörðun og samþykki hans (eða höfnun) sé *ekki þvingað* fram af einhverjum aðilum. Hér kemur því samræðulistin til skjalanna og án heðnar verða hugmyndirnar um samráð og upplýst samþykki innantóm slagorð. Ábyrgð sjúklings er líka mikilvægur þáttur í upplýstu samþykki, einkum í þeim skilningi að hann verður færari um að taka virkan þátt í bataferlinu – en ekki í þeim skilningi að hann geti ekki leitað réttar síns ef mistök verða.

Ég sagði hér að ofan að sjúklingurinn væri veikari aðilinn í samskiptunum í tvennum skilningi. Mér virðist að bæði vanþekking hans og ótti séu mikilvæg tilefni fyrir samráði í heilbrigðisþjónustu og setji því ákveðin markmið (16). Fyrra markmiðið er að upplýsa sjúklinginn heiðarlega og nægilega um meðferðina eða rannsóknina þannig að hann geti myndað sér skynsamlega skoðun á málinu. Hér má þó ekki gleyma því að sjúklingurinn er ekki bara þiggjandi upplýsinga. „*Læknirinn veit meira um*

sjúkdóminn. Sjúklingurinn veit meira um þarfir sínar”, skrifar Jay Katz (17). Báðir aðilar verða að leggja sitt af mörkum því þeir bæta hvor upp annars vanþekkingu. Af eðlilegum ástæðum reynir þó meira á samræðulist fagmannsins sem felst ekki síst í því að geta hlustað og sett sig í spor viðmælandans. Einungis þannig getur samræðan orðið að sameiginlegri umhugsun um vandann með hagmuni sjúklingsins að leiðarljósi (18). Par með stuðlar hann líka að síðara meginmarkmiði samráðs í heilbrigðisþjónustu sem ræðst af þeirri staðreynd að sjúklingurinn þjáist oft af ótta og áhyggjum og þarfnast því ekki bara upplýsinga heldur skilnings og hluttekningar. Í mörgum tilvikum getur slíkt samráð líka haft meðferðargildi fyrir fagmanneskjuna því það dregur úr hættunni á því að hún brynji sig fyrir vandamálum, lokist inni með tilfinningar sínar og „kulni“.

Af þessu má ráða að krafan um samráð í heilbrigðisþjónustu einskorðast ekki við einstakar aðgerðir og þáttöku í rannsóknunum. Samráð er ferli sem tekur tíma og myndar gagnkvæmt traust milli sjúklings og fagmanns. Pregar slíkt traust hefur verið byggt upp á heiðarlegan og einlaegan hátt er fyrt kominn ábyggilegur grundvöllur fyrir erfiðar ákvarðanir um takmörkun á meðferð við lok lífs, svo dæmi sé tekið. Mér er þó fyllilega ljóst að samráð í þeim skilningi sem ég hef hér reifað gerir kröfur bæði um persónulega eiginleika og um fyrirkomulag á sjúkrastofnunum sem erfitt geti reynst að verða við. Hinir persónulegu eiginleikar sem eru nauðsynlegir til samráðs og samræðna ná ekki að dafna sem skyldi bæði vegna þeirra viðhorfa sem eru ríkjandi í menntun lækna þar sem samskiptaþátturinn er vanræktur og vegna þess vinnulags sem þeir temja sér í starfi. Vinnulagið verður ekki að-skilið frá skipulagi sjúkrastofnana sem að margra mati gerir samráðsleiðina ófæra, meðal annars vegna tímaskorts fagfóksins. Sé þetta rétt verða leiðbeiningar á borð við þær sem hér eru kynntar ekki annað en veikburða vörn fyrir hagsmuni sjúklinga. En það væri rangt að horfa framhjá því að þessar tillögur fela jafnframt í sér vísi að stórmerkum framförum í

samskiptum sjúklinga og heilbrigðisstéttu, því að allar staðfesta þær þann nýja hugsunarhátt að hagsmunir sjúklings verða ekki tryggðir nema sjálfræði hans sé virt.

TILVÍSANIR

1. Á málþinginu voru kynntar tillögur Siðaráðs landlæknis um eftirtalin efni: leiðbeiningar um takmörkun á meðferð við lok lífs, skriflegt samþykki sjúklinga fyrir skurð- aðgerðum og upplýst samþykki fyrir þátttakendur í vísindarannsóknunum. Siðaráðið taldi að sameiginlega inn-takið í þessum tillögum væri hugmyndin um aukið samráð heilbrigðisfagfólks og skjölstaðinga peirra og helgaðist yfirskrift málþingsins af því. Tillögurnar hafa nú verið gefnar út sem formleg tilmæli landlæknis-embættisins.
2. Árnason V. Siðfræði lífs og dauða. Erfiðar ákvarðanir í heilbrigðisþjónustu. Reykjavík: Rannsóknastofnun í siðfræði, 1993, einkum kafli 1.1.
3. Læknaeiðurinn er til dæmis birtur í (2) bls. 66.
4. Franken W. Ethics. Englewood Cliffs, NJ: Prentice-Hall, 1973: 47.
5. Heimild míni fyrir þessum kafla úr ritum Hippókratesar er bók eftir Ruth Macklin, Mortal Choices. Boston: Houghton Mifflin Co, 1987: 9.
6. Katz J. The Silent World of Doctor and Patient. New York: The Free Press, 1984.
7. Mill JS. Frelsið. Jón Hnefill Aðalsteinsson og Þorsteinn Gylfason þýddu. Reykjavík: Hið íslenska bókmenntafélag, 1970: 50.
8. Sissela Bok. Lying. Moral Choice in Public and Private Life. New York: Vintage Books, 1979: 247.
9. Hringborðsumræður Læknablaðsins V. Appleton yfir-lýsingin: Leiðbeiningar um það hvenær láta megi hjá líða að veita læknisfræðilega meðferð. Læknablaðið 1989; 75: 313–27.
10. Ég vil slá þann varnagla við þessa útleggingu mína á örðum Sigrðar að hann létt þau falla í umræðum og eru ekki endilega til marks um yfirvegða afstöðu hans.
11. Í sumum tilvikum koma að sjálfsgóðu fleiri en einn kostur til álita sem hægt er að færa á móta góð rök fyrir, og í slíkum tilvikum á sjúklingurinn einfaldlega að ráða.
12. Sbr. Guðmund Heiðar Frímannsson, „Sjálfræði“. Eirindi siðfræðinnar, ritstj. Róbert Haraldsson. Reykjavík: Rannsóknarstofnun í siðfræði, 1993: 154.
13. Petta er í samræmi við frelsisreglu Mills: „Um eigin mállefni sín á hver einstakur að vera æðsti dómari. Aðrir menn geta, beðnir sem óbeðnir, ráðlagt honum til að hvessa dómgreind hans og hvatt hann til að styrkja vilja hans. En hans er að dæma.“ (7) bls. 142.
14. Sjá itarlega umræðu í 3. kafla í (2).
15. Pessa spurningu ræði ég í kafla 3.5 í (2).
16. Sjá nánar um þetta atriði grein mína, „Deyðu á réttum tíma“. Siðfræði og sjálfræði í ljósi dauðans“. Skírnir 1990: 288–316.
17. Sjá bls. 102 í (6).
18. Sjá nánar grein mína „Towards Authentic Conversations: Authenticity in the Patient-Professional Relationship“. Theoretical Medicine 1994; 15: 227–42.